

Selda brúðurin frumsýnd 4. júní

Tékkneska tónskáldið Bedrich Smetana var fæddur 1824 og dáinn 1884. Stundaði nám í Prag og hóf strax á unga aldri tónsmíðar sínar og hlaut litla viðurkenningu fyrir þær. 1856 fór hann til Gautaborgar í Svíþjóð og dvaldist þar til ársins 1861. Á þeim árum var hann mjög rómantískt tónskáld og samdi músik í anda Lists.

Um 1862 nær frelsishreyfingin hámarki hjá Tékkum, þá tekur Þjóðleikhús þeirra til starfa og stjórnaði Smetana hljómsveitinni þar um nokkurn tíma. 1866 var svo „Selda brúðurin“ flutt þar í fyrsta sinn undir stjórn höfundar og hlaut strax ágætar viðtökur. Það má segja að tékknesk þjóðarsál endurspeglar í þessari óperu. Uppistaðan eru þjóðlög og gömul dansstef, meistaralega ofan saman í eina heild. Leikandi létt og skemmtilegt en á bak við leynist þungur tregi.


Síðan hefur þessi ópera Smetana farið sigurför um allan heim og er talin eitt mesta snilldarverk allra tíma.

5 sinnum

„Selda brúðurin“ verður flutt 5 sinnum í Þjóðleikhúsinu 4. til 8. júní n.k. Óperusöngvarar frá Pragóperunni munu syngja hér öll aðalhlutverkin sem gestir. Tvö minni hlutverk eru sungin af íslenskum söngvurum, þeim Ævari Kvaran og Eygló Victorsdóttur. Þjóðleikhúskórinn fer með hlutverk kórsins og Sinfóníuhljómsveitin leikur undir stjórn hins ágæta hljómsveitarstjóra Dr. Smetáček, sem er öllum tónlistarunnendum hér að góðu kunnur.

Selt á 14 sýningar.

Sala aðgöngumiða hefur staðið yfir í nokkurn tíma á Listahátíðina, og er þegar



Myndin er úr einu atriðinu úr „Seldu brúðinni“, eins og óperan verður uppfærð hér.

mikið selt á þær 14 sýningar, sem þar verða.

„Selda brúðurin“ verður að eins sýnd 5 sinnum, og er leikhúsgestum eindregið ráðlagt að tryggja sér aðgöngumiða í tíma, því færri munu komast að en vilja.

TÍMINN 25.5.1960
ISLAND PROD. NEYRVA